

Kjósarhreppur  
Sigurður H. Ólafsson  
Félagsgarði  
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 26. júlí 2022  
UST202206-214/A.Þ.  
10.04.01

**Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Kjósarhrepps 2017-2029 og deiliskipulagi fyrir frístundabyggð Brekkna í landi Möðruvalla - Kjósarhreppur**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Kjósahrepps er barst 22. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Kjósarhrepps 2017-2029 og deiliskipulagi fyrir frístundabyggð Brekkna í landi Möðruvalla.

Í greinargerð kemur fram að um er að ræða breytingu landnotkunar á hluta frístundabyggðar Möðruvalla 1, þar sem breyta á hluta frístundabyggðar F15c í íbúðarbyggð ÍB5b. Fyrirhuguð íbúðarbyggð nær til lóða Brekkna 1, 2 og 8 ásamt aðkomuveg að lóðunum. Einnig er um að ræða leiðréttingu á afmörkun iðnaðarsvæðis.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir  
*sérfræðingur*

Björn Stefánsson  
*sérfræðingur*